

**Mál nr. 75/2024****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Skráningarnúmer ökutækis B****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. febrúar 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 8. mars 2024.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að 9. nóvember 2021 hafi bifreiðinni B verið ekið á bifreið A sem M ók. M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á heilsugæsluna 23. nóvember 2021 vegna stífleika og verkja í hryggsúlu og hálsi. M hafi leitað áfram til heimilislæknis vegna sömu einkenna. V hafi síðan hafnað að hlutast til um frekari gagnaöflun og greiðslu þar sem það hafi ekki verið talið líklegt að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af slysinu. M telur að klár orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem hann býr við í dag. Vísar hann til þess að sönnunargildi PC-Crash skýrslu sé lítið og að það sé ekki á færi reikniforrtsins að skera úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss eru fyrir einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og vigt ökutækja en ekki tekið tillit til þátta eins og kyns tjónþola, aldurs, fyrri heilsufarssögu eða í hvaða líkamsstillingu viðkomandi var er hann varð fyrir árekstri. M telur að fara þurfi fram heildarmat á afleiðingum slyssins og að það mat eigi að vera í höndum óvilhallra matsmanna en ekki V.

Í bréfi V kemur fram að höggið af árekstrinum hafi verið vægt eins og sjá megi af myndum af ökutækjunum í skýrslu A&Ö dags. 9. nóvember 2021 og PC-Crash skýrslu dags. 28. apríl 2022. Fram kemur að M hafi leitað til heilsugæslunnar 23. nóvember 2021 en fyrir slysið hafi M kvartað undan sambærilegum verkjum hjá lækni, þ.e. miklum verkjum í hálsi ásamt leiðniverkjum. V telur orsakatengsl milli umferðarslyssins og einkenna sem M rekur til þess ósönnuð. Fram kemur að áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum. Þá hafi M ekki aflað ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesta orsakatengsl á milli slyssins og einkenna M.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 9. nóvember 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á heilsugæsluna 23. nóvember 2021 vegna árekstursins og liggur fyrir samskiptaseðill þar um. Það liggur einnig fyrir að M var á parkóðin forte vegna verkja þegar slysið varð og fékk hann lyfjaendurnýjun vegna þess eftir slysið. Í samskiptaseðli heilsugæslunnar kemur fram 23. febrúar 2022 að M hafi langa sögu um bakverki sem séu verstir frá hálsi og leiði niður bak. Einnig kemur fram þá að hann hafi fengið höfuðhögg og hnykk á hálsinn við vinnu fyrir rúmu ári og svo aftur um haustið. Það liggur ekki fyrir í málinu heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M, hvorki frá sjúkraþjálfara, heimilislækni, bæklunarlækni eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila og þá hvort verkir í baki M séu tilkomnir vegna árekstursins. Eins og þetta mál liggur telst því ekki sannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 4. júní 2024.  
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir